



Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar - Leikskólar

Hvað?

- Könnun til allra starfsmanna Reykjavíkurborgar, greint niður á starfsstaði og starfsfólk (t.d. stjórnendur, kennarar og annað starfsfólk í grunnskólum Reykjavíkurborgar).
- Tilgangur könnunarinnar er að styrkja starfsumhverfi starfsfólks í opinberri þjónustu.
- Könnunin veitir ítarlegar upplýsingar um stöðu mála, þ.e. styrkleika og áskoranir í starfsumhverfinu sem nýta má til umbótastarfs á vinnustaðnum.

Hvernig?

- Allir starfsmenn Reykjavíkurborgar fá senda vefslóð í tölvupósti.
- Könnunin heitir [Stofnun ársins](#) og er samstarfsverkefni Sameyktis, Fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og fjölmargra annarra stofnana en hún nær til tæplega 40.000 manns á opinberum vinnumarkaði.
- Könnunin nær almennt til alls starfsfólks á vinnustaðnum, en þó er oftast miðað við að starfsfólk hafi starfað á vinnustaðnum í þrjá mánuði eða lengur. Þetta viðmið er notað svo svarendur séu betur í stakk búnir til að meta starfsumhverfi sitt með áreiðanlegum hætti. Einnig er í flestum tilvikum miðað við þátttakendur séu í a.m.k. 30% starfshlutfalli. Þessi viðmið geta verið ólík milli vinnustaða af ýmsum ástæðum.
- Gallup framkvæmir könnunina, sér um gagnavinnslu og skýrslugerð (Gallup er vinnsluaðili) en Reykjavíkurborg er ábyrgðaraðili.

Hvenær?

- Könnunin er send til starfsfólks árlega, stuttu eftir áramót.
- Niðurstöður könnunarinnar eru teknar saman fljótlega á vorönn og hver starfsstaður fær sendar niðurstöður.

Nýting niðurstaðna

- Niðurstöður könnunarinnar geta verið gagnlegar ef þær eru kynntar hagsmunaaðilum, samræður eiga sér stað og unnið er með þætti sem þarfnast umbóta samkvæmt niðurstöðum.

Tengiliður/stuðningur

- Upplýsingar um Stofnun ársins má finna [hér](#).
- Ef þú hefur spurningar til skóla- og frístundasviðs bendum við á að senda tölvupóst á sfs@reykjavik.is.

